



Reykjavík 18. ágúst 2014

Efni: Tillaga að viðurkenningum fyrir endurbætur á eldri húsum árið 2014.

Nefnd sú, er skipuð var af Umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur til að gera tilnefningar um viðurkenningar vegna endurbóta á eldri húsum, hefur lokið störfum. Lagt er til að í ár hljóti þrjú hús viðurkenningu: **Lækjargata 8, Grundarstígur 10 og Grandagarður 20.**

Húsin eru reist á árunum 1870, 1915 og 1950 og spannar aldur þeirra því breitt bil í byggingarsögu borgarinnar. Húsin hafa nýlega verið endurnýjuð og eru hvert um sig mjög góður vitnisburður um húsagerð og byggingarlist síns tíma. Þau hafa því mikið varðveislugildi sem hluti af menningar- og byggingarlistasögu Reykjavíkur.

Lækjargata 8 – 1870



Húsið Lækjargata 8 var byggt árið 1870 af Jónasi Jónassen lækni (1840-1910), sem síðar varð landlæknir. Í húsinu bjó Jónas til æviloka ásamt fjölskyldu sinni, en kona hans var Þórunn Pétursdóttir, systir Hannesar Hafsteins ráðherra, og mun Hannes hafa búið hjá þeim hjónum á skólaárum sínum. Húsið var síðan í eigu Soffíu Claessen, dóttur Jónasar og Þórunnar, til 1938.

Húsið er einlyft grindarhús með risi og var holtagrjóti og múrsteini hlaðið í grindina. Það þótti veglegt hús á sínum tíma enda byggt með meiri lofthæð en þá tíðkaðist og með stórum miðjukvisti sem náði í gegnum húsið, en slíkir kvistir voru nýjung á þessum tíma. Einnig var það nýmæli að inngangur var á gafli hússins (suðurgafli) og herbergjaskipan því ekki samhverf um inngang á framhlið eins og áður hafði tíðkast í timburhúsum. Á þessum árum hafði svokallaður sveitserstíll haldið innreið sína í húsagerðarlist Norðmanna og bárust áhrif hans hingað til lands á síðustu áratugum 19. aldar en húsið Austurstræti 8 mun vera eitt elsta hús hér á landi sem ber einkenni þess stíls. Í því má greina blöndu sveitserstíls og hinnar eldri dansk-íslensku húsagerðar.



Húsinu hefur verið breytt mikið í gegnum tíðina. Upphaflega var það klætt borðum á suðurgafli, austurhlið og norðurstafni og þakið helluklætt en árið 1883 var búið að klæða austurhlið og suðurgafli með hellum. Árið 1917 var húsið hins vegar allt orðið járnklætt þó að þakið hafi áfram verið helluklætt, en þakhellunum virðist smám saman hafa verið skipt út fyrir bárujárn á næstu áratugum. Árið 1935 voru fyrst gerðar útlitsbreytingar á framhlið hússins en þá var gluggapóstum breytt og dyrum bætt við á framhliðina. Árið 1940 hófst verslunarrekstur í húsinu og þá var gluggunum á framhliðinni breytt í síða verslunarglugga og öðrum dyrum bætt þar við. Mesta breytingin var gerð árið 1955 þegar húsið var innréttað fyrir veitingarekstur og samfelld gluggaröð var gerð eftir framhlið hússins, auk þess sem lögun kvistsins var breytt. Við norðurhlið hússins hefur verið skúrbygging allt frá 1873 og var þar upphaflega geymsla en seinna fjós og svo verslun. Inngönguskúr var við vesturhlið hússins frá 1917 en hann var rifinn 1946. Vestar á lóðinni var einnig skúr sem í var hesthús, hæsnahús og heygeymslur og seinna funda- og skemmtisalur. Síðar var fleiri skúrum bætt við en skúrarnir voru allir rifnir 1996 og ný viðbygging byggð við vesturhlið hússins.



Lækjargata 8 á ljósmynd Soffíu Jónassen Claessen frá um 1900. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SCL ÁBS 071.

Húsið Lækjargata 8 er friðað vegna aldurs samkvæmt lögum um menningarminjar. Það er með eldri húsum í Kvosinni og er mikilvægt vegna aldurs síns, byggingarlistasögulegs gildis og samhengis við önnur gömul hús við Lækjargötu og Skólalbrú og í umhverfi Dómkirkju. Þær endurbætur sem nú hafa verið gerðar á húsinu hafa miðað að því að færa útlit þess nær eldra horfi, en nauðsynlegt reyndist þó að fjölga gluggum á framhlið frá því sem upphaflega var vegna staðsetningar burðarsúlna sem settar höfðu verið í austurvegg. Hönnuður endurbóta er Orri Árnason arkitekt hjá Zeppelin arkitektum. Byggingarstjóri verksins var Hannes Þór Baldursson, almenna smíðavinnu önnuðust fyrirtæki Lárusar Hannessonar og Hannesar Þórs Baldurssonar, K16, en glugga smíðaði Grétar Guðmundsson. Húsið ber þess merki að hafa verið endurbyggt af fagmennsku og alúð og er nú til prýði í umhverfi sínu.



Grundarstígur 10 – 1915



Húsið Grundarstígur 10 var byggt árið 1915 af Hannesi Hafstein, skáldi og fyrrverandi ráðherra (1861-1922). Hannes flutti inn í húsið það sama ár, þá ekkjumaður, ásamt fjölskyldu sinni og bjó þar til æviloka 1922. Eftir það var húsið lengst af í eigu Helga Guðbrandssonar sjómanns og fjölskyldu hans.

Húsið, sem stendur á horni Grundarstígs og Skálholtsstígs, er steinsteypt hús í nýbarokkstíl, með mansardþaki, miðjukvisti og júgendgluggum. Upphaflega var þak hússins klætt með þakhellum en þeim var síðar skipt út fyrir bárujár. Húsið er byggt í upphafi steinsteypualdar í Reykjavík, sama ár og bruninn mikli varð í miðbænum, þegar ákveðið var að ekki mætti byggja neitt hús í bænum úr öðru efni en steini eða steinsteypu. Húsið teiknaði Benedikt Jónasson, sem var bæjarverkfræðingur á árunum 1911-1914 og er það eitt fárra húsa í Reykjavík sem þekkt eru eftir hann, en önnur hús eru t.d. Laugavegur 42 og Túngata 8. Húsin þykja bera vott um næma tilfinningu höfundarins fyrir byggingarlist, og eru á meðal frumkvöðlaverka í steinsteypu sem Hörður Ágústsson listamaður og fræðimaður taldi æskilegt að friða (*Íslensk byggingararfleifð* II, bls. 321). Grundarstígur 10 er enn fremur á meðal þeirra húsa sem njóta verndunar í flokki 20. aldar bygginga samkvæmt húsverndarstefnu Reykjavíkurborgar vegna menningarsögulegs gildis síns og mikilvægis sem vel varðveitt höfundardæmi. Árið 2015 mun húsið falla í flokk þeirra sem friðuð eru vegna aldurs samkvæmt lögum um menningarminjar.

Á síðustu árum hafa verið gerðar margháttaðar endurbætur á húsinu en núverandi eigendur keyptu það árið 2007 í því augnamiði að gera það upp og opna almenningi. Það hýsir nú starfsemi menningarsetursins Hannesarholts. Meðal annars hefur verið gert við steypa útveggi, gluggar endurnýjaðir og þakið klætt með zinkklæðningu. Jafnframt hefur verið bætt við svölum á vesturgafli hússins, auk þess sem breytingar hafa verið gerðar innandyra samfara breyttri notkun húsnæðisins. Á lóðinni vestan við húsið hefur verið byggð lágreist viðbygging með margnota sal. Við hönnun og framkvæmd allra breytinga og endurbóta hefur verið tekið tilliti til upphaflegrar gerðar hússins og menningarsögulegs og byggingarlistasögulegs gildis þess. Umsjón með endurbótunum höfðu arkitektarnir Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon, ARGOS ehf., í samstarfi við Árna Þórólffson arkitekt og Gunnar St. Ólafsson verkfræðing. Aðalverktakar voru Guðjón Gunnbjörnsson og Sveinn Magnússon, DEKA ehf. Húsið ber þess merki að hafa verið endurbyggt af fagmennsku og alúð og er nú til þýði í umhverfi sínu. Framtak eigenda þess er einkar lofsvert og mikilvægt fordæmi fyrir eigendur þeirra húsa sem hafa varðveislugildi vegna upprunalegrar hönnunar og merkrar sögu.



Grandagarður 20 – 1950



Húsið sem um ræðir er gamalt síldarverksmiðjuhús á fjórum hæðum sem stendur á lóð númer 20 við Grandagarð. Það var byggt árið 1950 sem síldarbræðslu- og úrvinnsluhús fyrir síldarverksmiðju sameignarfélagins Faxe sem stofnað var af Reykjavíkurbæ og hlutafélaginu Kveldúlfi árið 1948. Húsið teiknuðu arkitektarnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson. Það er fjórlyft með mjórri þakhæð eftir miðjuási, byggt úr járnbentri steinsteypu og slétt húðað að utan. Í því voru upphaflega vélasalir á öllum hæðum, auk efnarannsóknarstofu á 1. hæð og geymslurýmis á þakhæð.

Síldarverksmiðja Faxe sf. var reist á þeim tíma þegar Suðurlandssíldin hafði gengið inn í Kollafjörð og Hvalfjörð og miklar vonir voru bundnar við áframhaldandi síldargöngu. Verksmiðju félagsins var valinn staður á uppfyllingu nyrst við Grandagarð, sem þá þjónaði enn sem hafnargarður sem tengdi Örfirisey við land. Verksmiðjan var hin fyrsta hér á landi þar sem beitt var þurrvinnslu sem var ný síldarvinnsluaðferð á þessum tíma og átti að koma í veg fyrir allan óþrífnað og óþef. Miklar byggingar voru reistar undir starfsemi verksmiðjunnar, en auk fjórlyfta verksmiðjuhússins var byggt gríðarstórt þurrsíldarhús á lóðinni sem brann árið 1964, ketilhús sem enn stendur í suðvesturhorni lóðarinnar og dæluhús, auk síldarþróa og lýsis- og olúgeyma. Seinna bættust við fleiri hús og mjöltankar á lóðinni. Í dag eru hús verksmiðjunnar í eigu HB Granda. Hluti þeirra mannvirkja sem stóðu á lóðinni hefur nú verið fjarlægður, m.a. tíu mjöltankar sem reistir voru á árunum 1976-1980 fast austan við gamla fjórlyfta verksmiðjuhúsið og nýtt verksmiðjuhús sem byggt var við vesturhlið þess árið 1996.

Hið fjórlyfta síldarverksmiðjuhús Faxe sf. var áberandi kennileiti við Reykjavíkurhöfn á sínum tíma. Það er byggt sem sérhæft verksmiðjuhús og er gott dæmi um iðnaðararkitektúr frá 5. og 6. áratug 20. aldar. Nú þegar yngri mannvirki hafa verið fjarlægð og gerðar hafa verið gagngerar endurbætur á húsinu, þar sem gluggar hafa m.a. verið færðir í upphaflegt horf, nýtur húsið sín mun betur í umhverfi sínu og hefur öðlast aftur þann sess sem það hafði áður sem sýnilegur og mikilvægur hluti af umgjörð hafnarinnar. Einnig hafa verið gerðar endurbætur á ketilhúsi í suðvesturhorni lóðarinnar og ýmsar aðrar umhverfisbætur á lóðinni. Hönnuðir endurbóta eru ASK arkitektar. ÍAV önnuðust verkið. Framtak eigenda hússins er einkar lofsvert og mikilvægt fordæmi fyrir eigendur eldra iðnaðarhúsnaðis sem hefur gildi fyrir byggingarlistasögu og atvinnusögu Reykjavíkur.



Síldarverksmiðja Faxa sf. á loftmynd frá 1951. Ljós. Pétur Thomsen. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, PTH 021 118 1-4.

Niðurlag

Það er ósk nefndarinnar að þessar tilnefningar virki hvetjandi fyrir eigendur þeirra húsa í Reykjavík sem teljast hafa varðveislugildi en hefur ekki verið haldið við sem skyldi. Þessi dæmi sýna ótvírætt fram á það að séu hús gerð upp á faglegan hátt eru þau lyftistöng fyrir umhverfi sitt. Með því öðlast þau þann sess sem þeim ber og hvetja um leið húseigendur í borginni til að leggja sitt af mörkunum til varðveislu byggingararfs borgarinnar.

Margrét Þómar, arkitekt
Umhverfis- og skipulagssviði.

Drífa Kristín Þrastardóttir, sagnfræðingur
Borgarsögusafni Reykjavíkur.